



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um táknmálkennslu í grunnskólum

Svohljóðandi tillaga fulltrúa ungmennaráðs Breiðholts var lögð fram á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 26. mars 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálkennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eigi síðar en vorönn 2020.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að hlutfallslega fáir tali táknmál og að um 300 Íslendingar líti á táknmál sem sitt fyrsta mál. Þar af leiðandi upplifi þessi hópur ákveðna félagslega einangrun. Jafnframt kemur fram að sveitarfélög beri ábyrgð á því að stuðla að táknmálsnotkun og skilningi þess.

Í Hlíðaskóla er starfrækt táknmálssvið sem veitir heyrnarskertum og heyrnarlausum nemendum sérhæfða kennslu og þjónustu en skólinn skilgreinir sig sem tvítyngdan skóla þar sem íslenska og táknmál heyrnarlausra eiga að vera jafnréttá. Á hverju skólaári stunda 15 til 20 nemendur nám á táknmálssviði en þeir fylgja jafnframt stundatöflu síns bekkjar að miklu leyti. Allir nemendur í Hlíðaskóla á yngsta- og miðstigi fá táknmálkennslu, eina kennslustund á viku. Á unglingsstigi er táknmál valgrein.

Það hefur staðið Hlíðaskóla og táknmálkennslunni fyrir þrífum að lítið sem ekkert námsefni er til á táknmáli auk þess sem mjög erfitt hefur verið að manna stöður táknmálkennara. Einnig hefur verið mjög erfitt að fá táknmálsnámskeið fyrir kennara skólans.

Grunnskólar Reykjavíkurborgar eru 36 og eru nemendur á þessu skólaári um 14.200. Ekki kemur fram í tillögunni hvort lagt sé til að innleiða táknmálkennslu fyrir alla nemendur eða fyrir ákveðna aldurshópa, hve mikið vægi slík kennsla ætti að hafa í stundaskrá nemenda eða hvort um sé að ræða valgrein.

Þegar tekið tillit til reynslu Hlíðaskóla eru afar litlar líkur á það takist að ráða í stöður táknmálkennara sem geta kennt einum eða fleiri árgöngum í grunnskólum Reykjavíkur táknmál að því marki að allir nemendur hafi til að bera þá færni að geta tekið þátt í að rjúfa félagslega einangrun heyrnardaufra/heyrnarlausra.

Mikilvægt er að allir einstaklingar séu virkir samfélagsþegnar. Sjálfstjáníng á tungumáli sem aðrir skilja er lykill að samfélagslegri virkni. Lagt er til að leitað verði til tákmalssviðs Hlíðaskóla að það standi fyrir valnámskeiðum fyrir nemendur í Reykjavík sem vilja læra tákmal svo að þeir geti lagt hönd á plóg við að rjúfa félagslega einangrun heyrnardauffra/heyrnarlausra félaga sinna.